

LÖG

um breytingu á lögum um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 38/2020 (viðbótarlokunarstyrkir).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. tölul. 4. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir hafi honum verið gert skylt að loka samkomustað skv. 1. málsl. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. auglýsingar um takmörkun á samkomum vegna farsóttar, nr. 360/2020, á grundvelli 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga, nr. 19/1997.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „lokunarstyrks“ í 1. málsl. og orðinu „Lokunarstyrkur“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: á grundvelli 1. málsl. 1. tölul. 4. gr.
- b. Á eftir 1. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjárhæð lokunarstyrks á grundvelli 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. skal vera jafnhá rekstrar-kostnaði rekstraraðila tímabilið 4.–24. maí 2020. Lokunarstyrkur á grundvelli 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. getur þó ekki orðið hærri en 400 þús. kr. á hvern launamann sem starfaði hjá rekstraraðila í febrúar 2020, þó að hámarki 1,2 millj. kr. á hvern rekstraraðila.

Þrátt fyrir 2. mgr. skal fjárhæð lokunarstyrks á grundvelli 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. vegna lokunar sundlaugar vera jafnhá rekstrarkostnaði rekstraraðila tímabilið 4.–17. maí 2020. Lokunarstyrkur á grundvelli 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. vegna lokunar sundlaugar getur þó ekki orðið hærri en 270 þús. kr. á hvern launamann sem starfaði hjá rekstraraðila í febrúar 2020, þó að hámarki 810 þús. kr. á hvern rekstraraðila.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „lokunarstyrk“ í 1. málsl. kemur: á grundvelli 1. málsl. 1. tölul. 4. gr.
- b. Á eftir 1. málsl. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Umsókn um lokunarstyrk á grundvelli 2. málsl. 1. tölul. 4. gr. skal beint til Skattsins eigi síðar en 1. október 2020.

Nr. 55

16. júní 2020

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. júní 2020.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

A-deild – Útgáfud.: 23. júní 2020